

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að Grjótagata verði einstefna frá Aðalstræti að Garðastræti.

Samgöngustjóri hefur, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

1. Að tvær göngupveranir á Nauthólsvegi til móts við lóð nr. 81 verði merktar sem gangbrautir.

2. Að óheimilt verði að leggja ökutækjum í norðurkanti Arngrímsgötu, milli lóðar Þjóðarbókhöðunnar og Guðbrandsgötu.

3. Að bifreiðastæði við Njörvasund 37 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

4. Að eitt bifreiðastæði við Bríetartún verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 10. desember 2025.

Skrifstofu stjórnsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,
Dagný Alma Jónasdóttir lögfræðingur.

B deild - Útgáfudagur: 29. desember 2025